



Fréttabréf um fræðslumál.

3. tbl 2003 ábyrgðarmaður Már Guðnason
Hönnun Halldóra Guðlaug

LESTU NÚ!

Vandað tölvunámskeið fyrir
félagsmenn VÍF.S.

Á innan við 3.000.kr !

8 vikna heimanámskeið/fjarnám

Námskeið jafnt fyrir byrjendur og lengra komna,
- Engar forkröfur !

VERÐDÆMI

Almennt verð : 45.000.kr

Verð fyrir styrk : 11.500.kr!

Endurgreiðsla* : 8.625.kr

Pitt verð aðeins : 2.875.kr

***Upphæð endurgreiðslu fer eftir reglum
Landsmenntar, sjá innri opnu.**

Með góðum samningi við Tölvuskóla AM og þátttöku Landsmenntar, getum við nú boðið félagsmönnum vandað 8 vikna tölvunámskeið við allra hæfi á einstaklega góðum kjörum!

Þetta er tækifæri fyrir félagsmenn til að sækja sér gott tölvunámskeið á ótrúlegu verði eins og sést af dæminu hér að ofan, -

þetta er tækifæri sem engin ætti að láta fara framhjá sér.

Hafið samband við félagið ef einhverjar spurningar vakna um námskeið og styrki.
Sími 487-5000 (Hellu)

Allar nánari upplýsingar un námskeiðið sjálft er hægt að fá hjá Almiðlun—Tölvuskóla, Dynskálum 10 (hliðina á VÍS á Hellu)
Sími 487-4999 & 8461696

Þetta fréttabréf verður tileinkað símenntun og rétti verkafólks til að fá styrk frá Landsmennt.

Landsmennt er stofnun sem veitir styrki vegna alls tungumálanáms, alls tölvunáms og margskonar námskeiða sem teljast starfstengd.

Í september verður tölvunámskeið haldið á vegum Verkalýðsfélags Suðurlands, námskeiðið verður í fjarnámsformi og tekur 8 vikur. Kostnaður verður í lágmarki, og geta þátttakendur sótt um styrk til Landsmenntar þegar námskeiðinu er lokið.

Það er von okkar að sem flesti sjái sér fært að taka þátt. Því menntun er máttur !!!

Fyrir.....



og eftir tölvunámskeið !!



Til hvers símenntun ?

1. Eykur þroska— þekkingu og færni
2. Eflir samkeppnishæfni
3. Styrkir stöðu okkar á vinnumarkaðinum
4. Eykur möguleika á starfsþróun
5. Eykur starfsánægju
6. Eykur möguleika á fjölbreyttara starfi
7. Eykur möguleika á meira krefjandi verkefnum
8. Eykur möguleika á launahækkun
9. Gerir okkur að verðmætari starfsmönnum
10. Gerir okkur opnari fyrir nýjum hugmyndum
11. Eykur löngun okkar til að læra meira
12. Eykur sjálfstraustið
13. Styrkir sjálfsímynd okkar
14. Gerir okkur kleift að lifa betra lífi

Langar þig til að læra eitthvað nýtt og skemmtilegt

Nú er að hrökkva eða stökkva !!!

Um tölvunámskeiðið

Á námskeiðinu eru kenndar 5 greinar :

- 1 Tölvuleikni (tölvufærni / stýrikerfið)
- 2 Ritvinnsla (MS Word)
- 3 Töflureiknir (MS Excel)
- 4 **Netið & tölvupóstur**
- 5 Upplýsingatækni

Allar námsgreinar eru kenndar frá grunni og vönduð  námsgögn eru innifalin í verði. Námskeiðið er

búið frá grunni til með hliðsjón af gæðakröfum SKY (Skýrslutæknifélags Íslands) fyrir svokallað TÖK* próf (*sam evrópskur staðall um grunn—tölvukunnáttu.) Tölvuskóli AM á aðild að SKY.

Þetta er gott grunn námskeið sem bæði byrjendur og vanir tölvunotendur hafa tekið til að skerpa á tölvukunnáttunni. Markmiðið með þessu námskeiði er að gera nemendur færa um að vinna sjálfstætt í tölvu-umhverfinu ásamt því að geta notað algengustu forrit s.s. Word ritvinnsluna og Excel töflureikninn. Þá verður einnig farið vel í Internetið og notkun á tölvupósti. Námið byggir bæði á kennslu og verkefnum og er hagnýtur kostur fyrir þá sem vilja fá góða innsýn í notagildi tölvunnar og geta þannig betur nýtt sér tölvutæknina, jafnt á vinnustað sem heima

Starfsreglur LandsMenntar um einstaklingsstyrki

Félagsmaður sem unnið hefur fullt starf í a.m.k. 12 mánuði og greitt til aðildarfélags Landsmenntar á þeim tíma á rétt á stuðningi til starfsnáms. Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum.

Félagsgjöld 10.400 kr. eða meira jafngilda 100% starfshlutfalli, miðað við síðustu 12 mánuði.

Að loknu námi skal skila reikningi og viðurkenningu frá viðkomandi fræðslustofnun til skrifstofu félagsins.

Að fullnægðum ofangreindum skilyrðum kemur til greiðslu á styrk til viðkomandi.

Sá sem hverfur frá vinnu vegna veikinda, heimilisástandna eða af öðrum gildum ástæðum, heldur rétti sínum til styrks enda hverfi starfsmaður aftur til sinna starfa.

Hve mikið er greitt ?

Greitt er að hámarki kr. 35.000 á ári ef félagsgjald er kr. 10.400.- eða meira. Miða skal við almanaksárið. Aldrei er þó greitt meira en sem nemur 75% af námskostnaði.

ÞAÐ ER

Einfalt

1 - 2 - 3 - 4

- 1 -

Þú hringir til okkar
487-5000 eða **846-1696**
og skráir þig á námskeiðið

- 2 -

Námskeið er greitt **11.500.-** með
gíróseðli / millifærslu eða gegnum
síma með Visa / Euro - fyrir **16.**
september

- 3 -


Þú færð send námsgögn í pósti og
námskeið hefst
26. september

- 4 -

Þú kemur útfylltu eyðublaði ásamt kvittun
á skrifstofu Vlf. Suðurlands **eftir** námskeið
og færð **greiddan styrk** inná reikning
þinn.

Styrkir eru greiddir út í 1. viku hvers
mánaðar

Skráning &



Upplýsingar:

HRINGDU NÚNA !

846-1696 & 487-4999

9 til 21 : Tölvuskóli AM

487-5000: Vlf. Suðurl.

Fjarnám / Heimanám

Fjarnámið hefur fjölmarga kosti
umfram staðbundið nám

1 Þú lærir **ÞEGAR** þér hentar - fólk er
önnur kafið í dag - bæði vinna og fjöl-
skyldulíf tekur sinn skerf af þínum tíma - í
fjarnámi getur þú nýtt þann tíma sem þér
hentar best án þess að það komi niður á
vinnu eða fjölskyldu.

2 Þú lærir **ÞAR** sem þér hentar

3 Mun **minna stress** - þú stjórnar alltaf
ferðinni í náminu og það er undir þér
komið hversu miklar kröfur þú gerir til þín.

Hvað þarf ég að kunna ?

Þú þarft ekkert að kunna

Þú hefur ekkert til að hafa áhyggjur af, -
við hjálpum þér rólega af stað og þú þarft
ekkert að kunna á tölvur til að geta tekið
námið.

Er fjarnám Sjálfsnám ?

Nei - Fjarnámskeið AM eru námskeið þar
sem mikið er lagt upp úr persónulegum
stuðningi við nemendurna. Leiðbeinandi
er í reglulegu sambandi við nemendur og
nemandi getur alltaf leitað sér aðstoðar ef
eitthvað bjátar á.

Hvernig fer námið fram ?

Þú færð möppu með kennslubókum sent í
upphafi, - í framhaldinu færðu síðan
reglulega sérstaka kennsludiska sem þú
setur í tölvuna heima hjá þér. Diskarnir
eru sjálfvirkir og þú fylgist með kennslu-
stundum og úrlausnum verkefna.

Diskarnir vinna með bókinni og öfugt. Þar
að auki er öflugt stuðningskerfi við hvern
og einn nemanda, - allt frá því að þú getur
hringt í kennara alla virka daga frá 9 til 21
og jafnvel getur leiðbeinandi beintengt sig
inná þína tölvu og leitt þig áfram. Netskóli
AM er líka mikilvægur þáttur í náminu en
þar hittumst við á netinu og spjöllum og
leysum auðveld verkefni.

Aðalatriðið er að þetta
er auðvelt, skemmtilegt
og fræðandi.

Þú átt rétt, nýttu hann

“Kannst þú t.d. að nota netið ? til að leita að upplýsingum.... - eða bara til gamans...”

Mikilvægir punktar

- 5 Kennslubækur & 10-12 geisladiskar (sendir út reglulega á meðan á námskeiði stendur)
 - Hægt að taka námskeiðið á meira en 8 vikum ef óskað er.
 - 4 vikna stuðningstími eftir námskeið.
 - Efnið er ekki erfitt en það er framandi í augum nýnema. Þess vegna er persónulegur stuðningur afar mikilvægur að okkar áliti.
- Engu að síður má ekki gleyma því að kennarinn er leiðsögumaður, það liggur ávalt hjá nemandanum að ganga leiðina.
- Hringt er í hvern nema við upphaf námskeiðs og komandi námskeið rætt, að auki er hringt í hvern nemanda minnst 4 sinnum á meðan námskeiði stendur og efni og fram-

Um TÖLVUSKÓLA AM

Undirbúningur að stofnun og rekstri AM hefur staðið í um eitt ár. TÖLVUSKÓLI AM- Fjarnámsskóli er afrakstur faglegrar vinnu við þekkingaröflun á þessu sviði þar sem markmiðið hefur verið það eitt að útbúa fjarnámslausn sem stenst samanburð við það besta sem gerist hérlendis sem erlendis. AM er í raun ætlað að vera þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum á sviði fjarnáms. AM leitast við á öllum tímum að hafa samstarf við önnur fyrirtæki, innlend og erlend á tengdum sviðum til að hámarka gæði hvort sem átt er við tæknilega útfærslu á námsþáttum eða kennslufræðileg gæði bæði efnis og framsetningar.

RÉTTUR TIL NÁMS ???

Það er réttur allra að geta sótt námskeið og menntun við hæfi, er ekki svo ? Er þetta ekki alltaf spurning um kostnað ? Tölvunámskeið eru flest það dýr að venjulegt fólk hefur ekki efni á að taka þátt.

Vorið 2000 var Landsmennt stofnað og hafa síðan verið greiddir út styrkir til u.þ.b 80 félagsmanna Vlf Suðurlands. Það er von okkar að áfram verði haldið á næsta samnings-tímabili.

Vlf. Suðurlands vill hvetja félagsmenn sína til dáða og segir **ALLIR Á NÁMSKEIÐ !!**

Hringdu núna og fáðu meiri upplýsingar !

846-1696 & 487-5000